



SAMTÖK SVEITARFÉLAGA Á NORÐURLANDI VESTRA

**26. ársþing SSNV,
haldið í Skagabúð, 6. apríl 2018**

FUNDARGERÐ



**Ingibergur Guðmundsson
Davíð Jóhannsson**



Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Dagskrá.....	3
Þingsetning, kjör þingforseta.....	4
Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra	4
Skýrsla stjórnar SSNV, ársreikningur og fjárhagsáætlun.....	4
Skýrsla stjórnar SSNV	4
Ársreikningur 2016	4
Fyrirspurnir og umræður um starfsskýrslu og ársreikning.....	4
Fulltrúatal	5
Tillögur og ályktanir lagðar fram	5
Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings.	6
Fjárhagsnefnd.....	6
Stjórnskipulagsnefnd.....	Error! Bookmark not defined.
Allsherjarnefnd.....	8
Almennar umræður	8
Þingslit.....	Error! Bookmark not defined.

13:00 Þingsetning: *Stefán Vagn Stefánsson, formaður stjórnar SSNV* (Þ4)

Kosning þingforseta, varaforseta, tveggja ritara, tveggja vararitara (Þ4)

Kynning á nefndum þingsins:

Kjörnefnd (S4.3/Þ6) skipuð af stjórn

Þingforseti tilnefnir fundarboðendur:

Allsherjarnefnd (Þ7), Fjárhagsnefnd (Þ7) og Stjórnskipulagsnefnd (Þ7)

13:10 Skýrsla formanns stjórnar SSNV fyrir árið 2017:

Stefán Vagn Stefánsson, formaður stjórnar SSNV

13:30 Ársreikningur 2017: (S5.2)

Kristján Jónasson, endurskoðandi

Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

14:00 Stefnumótun SSNV til næstu fjögurra ára

Björg Ágústsdóttir, ráðgjafi hjá Alta

Umræður um stefnu og hlutverk samtakanna

15:00 Kaffihlé

15:30 Tillögur lagðar fram – Nefndastörf

Ársreikningur - **Fjárhagsnefnd**

Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda - **Fjárhagsnefnd**

Lagabreytingar – **Stjórnskipulagsnefnd**

Tillaga um aukaársþing - **Allsherjarnefnd**

16:30 Afgreiðsla ársreiknings og annarra tillagna nefnda

16:45 Almennar umræður

17:15 Þinglok

Áskilinn er réttur til breytinga á dagskrá (Þ3)



Þingsetning, kjör þingforseta

Stefán Vagn Stefánsson, formaður stjórnar SSNV, setti þingið og bauð þingfulltrúa og aðra gesti velkomna. Tilnefndi hann Dagnýju Rósu Úlfarsdóttur sem 1. þingforseta og Halldór G. Ólafsson sem 2. þingforseta. Þá lagði hann til að þingritarar væru Davíð Jóhannsson og Ingibergur Guðmundsson og varaþingritarar Katharina Ruppel og Sveinbjörg Rut Pétursdóttir, starfsmenn SSNV.

Tillagan var samþykkt og tók þingforseti við stjórn þingsins.

Nefndir þingsins og fundarboðendur þeirra

Þingforseti kynnti nefndir þingsins og lagði til að eftirfarandi aðilar kölluðu nefndirnar saman:

Fjárhagsnefnd: Unnur Valborg Hilmarsdóttir, Húnaþingi vestra, kallar nefndina saman.

Allsherjarnefnd: Sigríður Svavarsdóttir, Sveitarfélaginu Skagafirði, kallar nefndina saman.

Stjórnskipulagsnefnd: Starfar ekki á þinginu þar sem engin erindi á ársþinginu tengjast hlutverki hennar.

Tillagan var samþykkt.

Þá kynnti þingforseti skipan kjörnefndar sem skipuð er af stjórn eigi síðar en 1. mars ár hvert.

Kjörnefnd:

Þórdís Friðbjörnsdóttir, Sveitarfélagið Skagafjörður, formaður

Margeir Friðriksson, Sveitarfélagið Skagafjörður

Halldór G. Ólafsson, Sveitarfélagið Skagaströnd

Jóhanna Magnúsdóttir, Húnavatnshreppur

Elín Jóna Rósinberg, Húnaþing vestra

Skýrsla stjórnar SSNV, ársreikningur og fjárhagsáætlun

Skýrsla stjórnar SSNV

Stefán Vagn Stefánsson, formaður stjórnar SSNV, flutti skýrslu formanns fyrir árið 2017.

Ávarp Stefáns Vagns er að finna á heimasíðu SSNV.

Ársreikningur 2016

Kristján Jónasson, endurskoðandi, fór yfir ársreikning SSNV fyrir árið 2017:

Ársreikningur SSNV: Rekstrartekjur voru 232.962.389 kr., rekstrargjöld tæpar 237.069.372 kr. og fjármunatekjur 4.182.858 kr., áhrif hlutdeildarfélagsins NVB voru – 1.440.842 kr. Tap varð því á rekstri að upphæð 1.364.967 kr. Eigið fé í árslok nam rúmum 99 m.kr.

Ársreikningurinn er aðgengilegur í ársskýrslu á heimasíðu SSNV.

Fyrirspurnir og umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning.

Enginn tók til máls og vísaði þingforseti ársreikningi 2017 til fjárhagsnefndar.



Fulltrúatal

Þórdís Friðbjörnsdóttir, formaður kjörnefndar, fór yfir fulltrúatal þingsins. Rétt til fundarsetu með atkvæðisrétti eiga 28 fulltrúar og af þeim eru 26 mættir. Mættir fulltrúar eru:

Nafn	Sveitarfélag	Aðal/vara
Agnar H. Gunnarsson	Akrahreppur	aðal
Þorkell Gíslason	Akrahreppur	aðal
Valgarður Hilmarsson	Blönduós	aðal
Anna Margrét Sigurðardóttir	Blönduós	aðal
Oddný María Gunnarsdóttir	Blönduós	aðal
Þorleifur Ingvarsson	Húnavatnshreppur	aðal
Þóra Sverrisdóttir	Húnavatnshreppur	aðal
Elín R. Línal	Húnaþing vestra	aðal
Elín Jóna Rósinberg	Húnaþing vestra	vara
Unnur Valborg Hilmarsdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Sigurbjörg Jóhannesdóttir	Húnaþing vestra	aðal
Dagný R. Úlfarsdóttir	Skagabyggð	aðal
Vignir Sveinsson	Skagabyggð	aðal
Stefán Vagn Stefánsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigríður Magnúsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Viggó Jónsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gunnsteinn Björnsson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Gréta Sjöfn Guðmundsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Ásta Pálmadóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Sigríður Svavarsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Þórdís Friðbjörnsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Margeir Friðriksson	Sv.fél. Skagafjörður	aðal
Hildur Magnúsdóttir	Sv.fél. Skagafjörður	vara
Adolf H. Berndsen	Sv.fél. Skagatrönd	aðal
Halldór G. Ólafsson	Sv.fél. Skagatrönd	aðal
Inga Rós Sævarsdóttir	Sv.fél. Skagatrönd	aðal

Stefnumótun SSNV til næstu fjögurra ára

Fyrir þinginu lágu tvö skjöl sem send höfðu verið út með fundarboði. Voru það vinnugögn vegna stefnumótunarfundar sem stjórn og framkvæmdastjóri áttu með Björgu Ágústsdóttur, ráðgjafa hjá Alta, dagana 8. og 9. mars í Stykkishólmi.

1. Efniviður umræðufundar stjórnar 8. og 9. mars 2018
2. Hlutverk og verkefni SSNV, vinnublað 2, frá 8. og 9. mars 2018

Björn Línal Traustason reifaði stuttlega aðdraganda að þessu verkefni sem er stefnumótun samtakanna til næstu fjögurra ára.



Björg Ágústsdóttir, ráðgjafi hjá Alta fór yfir niðurstöður fundarins með stjórn og framkvæmdastjóra SSNV. Hún studdist við glærur í máli sínu sem eru aðgengilegar á heimasíðu SSNV.

Því næst var þingfulltrúum skipt í 3-4 manna hópa og eftirtaldar spurningar lagðar fyrir þá:

1. „Hugsum um hlutverk og verkefni SSNV – og hvernig við náum sem bestum árangri fyrir sveitarfélög og íbúa á Norðurlandi vestra með starfinu....
hvaða atriði eru það sem helst þarf að taka til umræðu?“
2. „Ef við hugsum um það sem mætti verða til bóta – í samstarfi okkar og starfsemi á vettvangi SSNV – hverju ættum við að hrinda strax í framkvæmd?
(Eitthvað sem SSNV (stjórn, starfsfólk, kjörnir fulltrúar í aðildarsveitarfélögum) geti byrjað á strax, leita upplýsinga, breyta verklagi, annað?)

Að hópastarfi loknu skilaði hver hópur skriflegum svörum við spurningunum.

Því næst skilaði hver hópur munnlega helstu áhersluatriðum í niðurstöðum sínum.

Tillögur og ályktanir lagðar fram

Fyrir þinginu lágu eftirfarandi tillögur sem sendar höfðu verið send út með fundarboði og vísaði þingforseti þeim til viðkomandi nefnda:

1. Tillaga um greiðslur til úthlutunarnefndar og fagraða
2. Tillaga um þóknun til stjórnar og nefnda
3. Tillaga um boðun aukaárþings SSNV

Ekki bárust aðrar tillögur og hófust því nefndastörf.

Að loknum nefndarfundum hófust fundarstörf aftur.

Afgreiðsla nefndarálita og ársreiknings

Fjárhagsnefnd

Unnur Valborg Hilmarsdóttir gerði grein fyrir tillögum Fjárhagsnefndar.

1. 26. ársþing SSNV, haldið í Skagabúð 6. apríl 2018, samþykkir ársreikning SSNV fyrir árið 2017.
2. 26. ársþing SSNV, haldið í Skagabúð 6. apríl 2018, samþykkir að laun og þóknun til stjórnar og nefnda verði óbreytt frá fyrra ári:
 - a) Laun formanns verði 6% af þingfararkaupi, nú 66.072 kr. á mánuði
 - b) Laun annarra stjórnarmanna verði 3% af þingfararkaupi, nú 33.036 kr. á mánuði
 - c) Laun fyrir stjórnarfundum og aðra fundum stjórnar og nefnda verði 2,5% af þingfararkaupi, nú 27.530 kr.



- d) Laun formanna nefnda verði 3% af þingfararkaupi fyrir hvern fund í viðkomandi nefnd, nú 33.036 kr.
- e) Hálf tæði verði greitt fyrir hvern fund stjórna, samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefnda fjármálaráðuneytisins, nú 5.600 kr.
- f) Akstur verði greiddur samkvæmt ákvörðun ferðakostnaðarnefnda fjármálaráðuneytisins um akstursgjald.
- g) Annar ferðakostnaður vegna ferða á vegum SSVN verði greiddur samkvæmt reikningi.

Greinargerð:

Þingfararkaup er, frá 29. október 2016, 1.101.194 kr.

Núverandi launatafla

Mánaðarlaun formaður	66.072
Mánaðarlaun stjórnarmanna	33.036
Stjórn gr. pr. fund	27.530
Formenn nefnda gr. pr. fund	33.036
Nefndarmenn gr. pr. fund	27.530
Hálf tæði	5.600

Að auki er greiddur ferðakostnaður samkvæmt reikningi.

3. 26. ársþing SSVN, haldið í Skagabúð 6. apríl 2018, samþykkir eftirfarandi tillögu um greiðslur til fulltrúa í úthlutunarnefnd og fagraðum Uppbyggingarsjóðs vegna yfirferðar umsókna:
 1. Fagrað – yfirferð umsókna
 - a) 1-20 umsóknir - greitt sem ein fundarseta
 - b) 21-70 umsóknir - greitt sem tvær fundarsetur
 - c) 71-100 umsóknir - greitt sem þrjár fundarsetur
 2. Svar við beiðni um rökstuðning vegna höfnunar á styrkbeiðni
 - a) 1-5 beiðnir - greitt sem ein fundarseta
 - b) 6-10 beiðnir - greitt sem tvær fundarsetur
 3. Önnur bréf vegna starfa á vegum Uppbyggingarsjóðs
 - 1-5 bréf - greitt sem ein fundarseta
 - 6-10 bréf - greitt sem tvær fundarsetur

Ekki er sérstaklega greitt til formanna úthlutunarnefnda og fagraða vegna undirbúnings funda þar sem þeir fá hærri greiðslur fyrir fundarsetu en aðrir nefndarmenn.

Gildir frá 6. apríl 2018.

Til máls tóku: Þóra Sverrisdóttir og Björn Línal.

Tillögurnar voru samþykktar samhljóða.



Allsherjarnefnd

Sigríður Svavarsdóttir gerði grein fyrir tillögu Allsherjarnefndar:

Tillaga um aukaárþing SSNV.

26. ársþing SSNV, haldið í Skagabúð 6. apríl 2018, samþykkir að fela stjórn að kalla saman aukaárþing að loknum sveitarstjórnarkosningum þar sem rædd verði stefna og hlutverk samtakanna til næstu ára. Að aukaárþingi loknu taki stjórn, ásamt framkvæmdastjóra og ráðgjafa, skilaboð þeirrar umræðu og móti úr þeim tillögur að stefnu og starfsemi samtakanna til næstu fjögurra ára. Tillögurnar verði lagðar fyrir haustþing samtakanna 2018 til endanlegrar umræðu og ákvörðunar.

Greinargerð:

Stjórn Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra hélt fund í Stykkishólmi 8. og 9. mars 2018 þar sem umfjöllunarefnið var hlutverk, verkefni og áherslur í starfsemi SSNV.

Forsagan er sú að stjórnin taldi mikilvægt að staldra við og ræða um hlutverk samtakanna, verkefni og áherslur í starfi þeirra, í víðara samhengi en alla jafna gefst. Ætlunin var að umræðan myndi gagnast stjórn til að meta frekar og stýra vinnu sinni. Auk þess vildi stjórn geta nýtt afraksturinn sem umræðugrunn fyrir komandi þing samtakanna þar sem leitað verður eftir afstöðu þingfulltrúa til hlutverks, verkefna og áherslna í starfi samtakanna.

Var ákveðið að halda sérstakan fund stjórnar þar sem farið yrði yfir þessi mál. Fundinn sátu stjórnar- og varastjórnarmennirnir Stefán Vagn Stefánsson formaður, Unnur Valborg Hilmarsdóttir varaformaður, Adolf H. Berndsen og Gunnsteinn Björnsson, auk Björns Líndal Traustasonar, framkvæmdastjóra SSNV.

Björg Ágústsdóttir ráðgjafi hjá Alta aðstoðaði við undirbúning, stýrði umræðum og tók saman efniviðinn að umræðum loknum.

Til máls tóku: Magnús B. Jónsson og Adolf H. Berndsen.

Tillagan var samþykkt samhljóða.

Almennar umræður

Til máls tóku: Magnús B. Jónsson og Björn Líndal Traustason.

Dagný Rósa Úlfarsdóttir, þingforseti, þakkaði fyrir gott þing. Því næst gaf hún formanni SSNV orðið.

Stefán Vagn Stefánsson, formaður SSNV, þakkaði þingfulltrúum fyrir góð störf, óskaði þeim góðrar heimferðar og sagði þinginu slitið.

Fundargerðina rituðu
Ingibergur Guðmundsson og Davíð Jóhannsson,
starfsmenn SSNV.